

Sp.

151. Breytingartillaga

[25. mál]

við till. til þál. um lánveitingar til íbúðabygginga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að rita bönkum ríkisins tafarlaust hin eindregnustu tilmæli um að auka nú þegar lán til íbúðarhúsabygginga og aðstoða svo sem þeir frekast megna alla aðila, sem að því vinna að útrýma heilsuspillandi íbúðum og bæta úr húsnæðisskortinum. Skal bönkunum þar með tjáður sá vilji Alþingis, að aukin séu nú þegar stórum lán til íbúðarhúsabygginga, unz því þingi, er nú situr, hefur unnizt tími til þess að afgreiða lög, er tryggi enn frekari lánveitingar til íbúðarhúsabygginga og mæli fyrir um aðrar ráðstafanir í lánsfjármálum til lausnar húsnæðisvandamálunum.